

Um erindi til siðanefndar Háskólans á Akureyri

Samþykkt á fundi siðanefndar, 3. nóvember 2015

Hver sá sem sendir erindi til siðanefndar Háskólans á Akureyri þarf að fylgja neðangreindum skrefum svo siðanefnd geti afgreitt álit sitt eins skjótt og vel og verða má.

1. Erindum skal beina að formanni siðanefndar hverju sinni. Hann mun innan 14 daga boða fund með nefnd og leggja fram erindið.
2. Í erindi skulu koma fram:
 - a. Málavextir erindis
 - b. Hvaða greinar siðareglna er óskað eftir að tekin sé afstaða til
 - c. Fylgiskjöl sem styðja við málavexti
3. Allir tilgreindir aðilar í erindi sem berst siðanefnd munu fá tækifæri til að skýra sína hlið mála innan 14 daga frá dagsetningu óskar siðanefndar um slíkt
4. Á grunni erindis og mögulegra andsvara við því sker siðanefnd úr um hvort þær siðareglur sem tilgreindar eru hafi verið brotnar.
5. Öllum aðilum máls er sendur úrskurður siðanefndar.